

Núverandi texti

13. grein

Landsfundur – kosningar

Árlega skulu kosningar á landsfundi vera eins og hér segir í eftirfarandi embætti:

- a. Formann stjórnar Sjálfsbjargar, gjaldkera, einn meðstjórnanda, og einn varamann skal kjósa til tveggja ára sama árið.
- b. Varaformann, ritara og einn varamann skal kjósa til tveggja ára hitt árið. Í fyrsta skipti sem fimm manna stjórn Sjálfsbjargar er kosin skulu þessir stjórnarmenn kosnir til eins árs.
- c. Stjórnarmaður til tveggja ára og einn varamaður til eins árs í stjórn félagsins sem rekur endurhæfingarstarfsemi Sjálfsbjargar, sbr. e-lið 2. gr. Í fyrsta skipti skulu tveir stjórnarmenn kosnir, annar til tveggja ára og hinn til eins árs.
- d. Í kjörnefnd skulu tveir kjörnir annað árið og þrír hitt árið.
- e. Ætíð skal formaður félagsins vera hreyfihamlaður auk þess skal meirihluti stjórnarmanna. Þá skal að minnsta kosti annar varamanna í stjórn félagsins vera hreyfihamlaður.
- f. Stjórn skal leggja til hvaða aðrar nefndir skulu starfa í Sjálfsbjörg hverju sinni, fjölda nefndarmanna, hvort stjórn skipar nefndarmenn eða hvort kjósa skal í þær til eins árs eða tveggja ára á landsfundi og hvort formann nefndar skal kjósa sérstaklega. Sama á við um fulltrúa Sjálfsbjargar í stjórnnum og nefndum sem Sjálfsbjörg tilnefnir fulltrúa í. Þetta skal kynnt á vefsíðu Sjálfsbjargar 4 vikum fyrir landsfund.
- g. Fulltrúar sem kosnir eru á landsfundi Sjálfsbjargar sem aðalmenn í stjórn og nefndir fyrir hönd eða á vegum Sjálfsbjargar, skulu ekki sitja í sömu stjórn eða nefnd lengur en 6 ár samfelld. Sá sem kosinn er formaður Sjálfsbjargar getur þó setið í 6 ár þrátt fyrir að hann hafi setið í stjórn Sjálfsbjargar í öðru embætti en formanns.

Breytingartillaga

Viðbót:

G liður:

Fulltrúar sem kosnir eru á landsfundi Sjálfsbjargar sem aðalmenn í stjórn og nefndir fyrir hönd eða á vegum Sjálfsbjargar, skulu ekki sitja í sömu stjórn eða nefnd lengur en 6 ár samfelld. Sá sem kosinn er formaður **eða varaformaður** Sjálfsbjargar getur þó setið í 6 ár þrátt fyrir að hann hafi setið í stjórn Sjálfsbjargar í öðru embætti en formanns.

Viðbót:

H liður:

Fulltrúi sem situr í stjórn og er ekki búinn með kjörtímabilið, getur boðið sig fram í önnur embætti stjórnar.

Skýring á g lið : *Sé viðkomandi kosinn til eins árs skal viðkomandi geta setið þrjú heil kjörtímabil til viðbótar þ.e. 7 ár.*